

Ed.

532. Nefndarálit

um frumvarp til laga um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík (á þingskjali 449).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin hefir ekki getað orðið að öllu leyti samdóma.

Meiri hluti nefndarmanna lítur svo á málið:

Við teljum sjálfsagt að frumvarpið nái fram að ganga.

Við unum því að visu illa, að legkaup sje heimtað af Reykvíkingum, þeim einum, en engum öðrum. Við teljum legkaup yfirleitt mjög óviðfeldinn skatt á alþýðu manna. Hins vegar stendur sjerstaklega á hjer í höfuðstaðnum. Hjer verður að kaupa kirkjugarðsstæði dýru verði. Fyfir þá sök getum við fallist á að legkaup sje heimtað. En við teljum rangt að hafa leiði framliðinna fyfir gjaldstofn. Þess vegna viljum við með engu móti að legkaupið sje sett hærra en svo að rjett svári tilkostnaði við kirkjugarðinn. Við álitum að stjórnin hafi í frumvarpi sínu sett legkaupið fullhátt, 2 kr. fyfir börn og 4 kr. fyfir fullorðna. Við viljum vekja athygli stjórnarinnar á því, að fyfirmæli reglugjörðarinnar um kirkjugarða 16. ágúst 1902, hafa verið fótum troðin hjer í Reykjavík, sbr. nefndarálit neðri deidar á þingskjali 162. Teljum vjer mjög áriðandi að bót verði ráðin á því ólagi. Við erum sammála neðri deildar nefndinni um það, að 25 ára umferðartími sje nægur hjer á landi, óhætt að grafa á ný í hvert 25 ára gamalt leiði. En hjer er orðinn síður að tildra stórum steini á annaðhvort leiði, að heita má. En legkaupið á ekki að gilda fyfir lengri tíma en 25 ár. Vilji einhver tryggja sjer grafreit í 50 ár, teljum við rjett að hann greiði tvöfalt gjald, en sá ferfalt, sem vill tryggja grafreit alla tíð meðan kirkjugarðurinn stendur. Við viljum vekja athygli á því, að legstaður fullorðins manns nemur að jafnaði 4 flatarstikum (10 flatarálnum).

Nú ætlum við, að hjer megi enn komast að þeim kaupum á landi, að hver flataralin í þeim nýja kirkjugarði fullgerðum kosti ekki meira en 1 kr., og einn legstaður þá 10 kr. Virðist okkur 4 kr. fullhátt gjald fyfir 25 ára afnot, og 16 kr. góða borgun fyfir frambúðarafnot («erfðafestu»).

En hjer er eins að gæta. Í öðrum löndum er víðast síður, vitum við, að ætla 2 börnum innan 10 ára sama rúm í garði og einum fullorðnum, og haga legkaupi eftir því. Við teljum ranglátt, að heimta fult legkaup fyfir ungbörn, árgömul og þaðan af eldri. Þar viljum við miða við 5 ára aldur.

Loks viljum við vekja athygli á því, að okkur virðist sjálfsagt, að sóknarnefnd ráði mestu um það, hvar land skuli tekið og hvenær. Kirkjugarðsmál eru jafnan tilfinningamál fyfir allan almenning, og illa farið, ef tekinn væri upp kirkjugarður að söfnuðinum forspurðum og þá kannske honum um geð.

Um það atriði er nefndin öll sammála, og eins um hitt, að legkaup eigi að vera mismunandi eftir tímalengd.

Af framángreindum ástæðum leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt, en ber fram þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr., 1. málsg.:
Á eftir orðunum »í samráði við biskup« komi:
eftir tillögum sóknarnefndar.
2. Við 2. gr., 4. málsg.:
Fyrir »stjórninni« komi:
stjórninni.
3. Við 3. gr.:
Greinin orðist svo:
Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 2 kr. fyrir börn yngri en 5 ára, en 4 kr. fyrir aðra. Þetta legkaup gildir fyrir 25 ár. Vilji menn helga sjer grafreit í 50 ár, þá skal greiða 8 kr. fyrir hvern legstað. Nú vill maður tryggja sjer grafreit til frambúðar, meðan kirkjugarðurinn stendur, og skal þá greiða 16 kr. fyrir hvern legstað.
Legkaupið rennur í sjóð Reykjavíkurdómkirkju.

Efri deild Alþingis, 25. ág. 1915.

G. Björnson,
framsögum. meiri hlutans.

Hákon J. Kristófersson.